Alþingi
Erindi nr. Þ 113 1371
komudagur 18/1 1991

Egilsstöðum 14/1 1991

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Stkórn Skógræktarfélags Austurlands lýsir þungum áhyggjum sínum vegna breytinga sem gerðar hafa verið á fjórðu grein í frumvarpi til laga um Héraðsskóga sem liggur nú fyrir nefndinni. Stjórn S K A L. vill benda á að umrædd breyting var gerð án vitundar hlutaðeigandi aðilja sem keyptu hluti í Barra h/f í þerri trú að framlag ríkisins til Héraðsskóga yrði óskert. Vinnubrögð sem þessi eru ekki til þess fallin að auka traust manna á ríkisvaldinu og væntum við þess að nefndarmenn sjái sér fært að færa fjórðu grein frumvarpsins í fyrra horf öllum til hagsbótar.

Virðingarfyllst.

f.h stjórnar Skógræktarfélags Austurlands

Einar Orri Hrafnkelsson

---

Einar Orri Hrafnkellsson formaður

Björn Ingvarsson

---

Björn Ingvarsson ritari